2. júlí 2024

Til þess er málið varðar

Góðan daginn

Byggingarfulltrúi benti mér á að hafa samband við ykkur varðandi neðangreinda fyrirspurn.
Dóttir mín Erla Guðný Helgadóttir og eiginmaður hennar Mike Walker búa á Kópavogsbraut 61 og keyptu nýlega efri hæð hússins og teljast því 100% eigendur lóðarinnar.

Viljum skoða möguleika á að byggja aðra íbúð á þessari lóð og gera endurbætur á núverandi húsi.

Hvernig blasir það við ykkur?
Nýtingarhlutfall lóðar í dag er tæplega 0,15 en lóðin er um 890 fermetrar.
Viljum sækja um heimild til að hanna og byggja nýtt hús og breyta fyrirliggjandi húsi þar sem ýmislegt þarf að gera til lagfæringa og endurbóta.

Skil ég rétt að takmarkanir um nýtingarhlutfall sé kringum 0,35?

Á næstu lóð (59) hafa verið byggð 4 sjálfstæð hús, tæplega 100 m2 hvert hús og fyrirliggjandi hús rifið.

Við sjáum fyrir okkur sambærilegt hús, 1 stk staðsett á SA horni lóðar og svo nýtt bílastæði á NV horni lóðar fyrir núverandi hús eins og sýnt er á gamalli lóðarmynd á vef Kópavogsbæjar.

Fyrirliggjandi hús verði endurbætt.

Þætti vænt um að fá drög að svari sent á okkur sem eru í póstinum og svo verðum við í sambandi við ykkur í kjölfarið varðandi umsóknir og skilgreiningar á byggingarreit og byggingarmagni.

Getum einnig hist hjá ykkur og farið yfir valkosti varðandi byggingarreit og byggingarmagn.

Ábending Sigurgeirs:


Góðan daginn Helgi.
Ef þú vilt komast að því hvað þú getur byggt á lóðinni án þess að þurfa að skila inn teikningum eða neinu slíku þá myndi ég ráðleggja þér að senda póst á skipulag@kopavogur.is
Kv. sigurgeir


Fyrri samskipti gegnum vefgátt Kópavogsbæjar eru fyrir neðan.


Kærar kveðjur

Helgi Geirharðsson

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026







Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026